

## Breytingartillaga

við frumvarp til umferðarlaga.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar (ÓGunn, ÓP, SkH, PGM, ÁI).

1. Á eftir 26. tölul. 1. mgr. 3. gr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: *Umráðamaður*: Sá sem með samþykki eiganda ökutækis hefur umráð yfir því. Aðili telst ekki umráðamaður nema hann sé skráður sem slíkur í ökutækjaskrá.
2. Við 1. mgr. 16. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama á við um almenna reiðstíga sem skipulagðir hafa verið á vegum sveitarfélags og eru merktir sem slíkir.
3. 3. mgr. 27. gr. orðist svo:

Eigi má stöðva vélknúid ökutæki eða leggja því á stöðum sem ekki eru ætlaðir fyrir umferð slíkra ökutækja, svo sem gangstétt, göngustíg, göngugötu eða hjólastíg, nema annað sé ákvæðið, sbr. 1. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og grassvæði.
4. Við 48. gr.
  - a. 3. másl. 3. mgr. orðist svo: Aðrar rannsóknir og klínískt mat skal framkvæmt af lækni eða öðrum til þess bærum heilbrigðisstarfsmanni.
  - b. Lokamálsliður 3. mgr. falli brott.
  - c. 4. mgr. orðist svo:

Um rannsókn skv. 2. mgr. fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála nema fyrir liggja ótvírætt samþykki ökumanns.
5. 1. mgr. 49. gr. orðist svo:

Eiganda, eða eftir atvikum umráðamanni ökutækis, er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir hver hafi stjórnað því á tilteknum tíma.
6. 9. mgr. 55. gr. falli brott.
7. Orðið „(umráðamaður)“ í 2. mgr. 68. gr. falli brott og jafnframt sama orð, innan sviga, í öllum beygingarföllum, í 2., 4. og 6. mgr. 72. gr., 2. másl. 1. mgr. og 1. másl. 3. mgr. 111. gr. og tvívegis í 2. mgr. 112. gr.
8. Síðari málslíður 1. mgr. 72. gr. orðist svo: Ákvæðið gildir þó ekki um dráttarvélar, létt bifhjól í flokki I, torfærutæki og vinnuvélar.
9. Við 74. gr.
  - a. Síðari málslíður 2. mgr. falli brott.
  - b. 3. mgr. orðist svo:

Barn sem er undir 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar.
10. Við 92. gr.
  - a. 5. mgr. orðist svo:

Stjórnvaldssekt skv. 4. mgr. rennur í ríkissjóð.
  - b. Fyrri málslíður 6. mgr. orðist svo: Heimilt er að kæra ákvörðun um stjórnvaldssekt til ráðherra innan mánaðar frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

11. Við 99. gr.
  - a. Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: til viðbótar við afsláttinn sem tilgreindur er í 1. mgr.
  - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Réttur til afsláttar gildir ekki um brot gegn ákvæðum 45., 46., 55. og 59. gr. Sama gildir ef ökumaður hefur verið sviptur ökurétti skv. 100. gr.
12. Í stað orðanna „svipta hann ökurétti“ í 101. gr. komi: svipta hann tímabundið ökurétti.
13. Við 110. gr.
  - a. 3. mgr. orðist svo:

Gjald skv. 1. mgr. skal lagt á með skriflegri tilkynningu sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.
  - b. Fyrri málsliður 6. mgr. orðist svo: Ráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest.